

# Fundur í Rótarýklúbbnum Reykjavík Miðborg á Nauthóli þ. 29. Júní 2015

## Ársskýrsla Jóns Bergmundssonar, fráfaramandi forseta

Ágætu Rótarýfélagar og gestir,

Nýtt starfsár Rótarý hefst þann 1. júlí og því eru stjórnarskiptafundir hjá klúbbunum þessa dagana. Rannveig Gunnarsdóttir tekur formlega við forsetakeðjunni hér á eftir og mun ásamt nýrri stjórn leiða starfið starfsárið 2015-2016.

Þetta er jafnframt skilafundur fráfaramandi stjórnar. Auk mín sátu í stjórninni, Guðrún Ragnarsdóttir sem ritari, Pétur Magnússon gjaldkeri, Jóhanna Gunnlaugsdóttir stallari, Rannveig Gunnarsdóttir viðtakandi forseti og Kristín Guðmundsdóttir sem fráfaramandi forseti. Kann ég þeim öllum best þakkir fyrir samstarfið á árinu.

### Fundir

Á starfsárinu voru haldnir 42 fundir með margvíslegum umfjöllunarefnum, sum snertu málefni sem voru efst á baugi í þjóðfélaginu, önnur fjölluðu um athyglisverð málefni sem eru meira tímalaus í eðli sínu. Fjallað var um menntamál, eldgos, menningu, alþjóðamál og svo mætti lengi telja. Fjórir fundir voru haldnir utan hefðbundins fundarstaðar á Nauthóli.

Við heimsóttum:

- Háskólann í Reykjavík þar sem Ari Kristinn Jónsson, Þorkell Sigurlaugsson og Hrefna Briem kynntu okkur starfsemina. Jafnframt voru þetta starfsgreinaerindi Ara og Hrefnu.
- Flugfélag Íslands þar sem Árni Gunnarsson flutti sitt starfsgreinaerindi,
- Sýningu í safnaðarheimili Kópavogskirkju þar sem listamennirnir Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir tóku á móti okkur
- Landsnet þar sem Íris Baldursdóttir hélt sitt starfsgreinaerindi
- Skeljung þar sem Valgeir Baldursson tók á móti okkur.

Þá flutti Stefán Stefánsson sitt starfsgreinaerindi á starfsárinu. Það voru því 5 félagar sem flutt starfsgreinaerindi hjá okkur á starfsárinu.

Að frátöldum þeim sem að ofan greinir komu 31 fyrirlesari til okkar, þar af einn þeirra tvisvar sinnum. Þá kom umdæmisstjóri í heimsókn.

Klúbbþing var haldið þar sem rætt var um innra starf klúbbsins og til viðbótar var haldinn þjóðfundur klúbbsins þar sem umræður fóru fram á borðum um tiltekin atrið í starfsemi klúbbsins. Samantekt af umræðum nýttist fráfaramandi stjórn og mun hún einnig nýtast næstu stjórnnum við skipulagningu starfsins. Þá var gerð skoðanakönnun á netinu meðal klúbbfélaga þar sem m.a. var kannaður hugur félaga til breytinga á fundartíma.

### Nefndir

Auk klúbbfunda hittust stjórn og nefndir. Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á árinu, en þar til viðbótar komu óformlegir fundir og mikil samskipti í gegnum tölvupósta.

Nefndir klúbbsins sáu um útvegum fyrirlesara. Hægt er að fullyrða að þeim hafi tekist vel upp og fundirnir verið mjög áhugaverðir og skemmtilegir. Kann ég þeim öllum bestu þakki fyrir framlag sitt.

Ferðanefndin skipulagði sumargöngu klúbbsins að vanda og var ferðinni heitið í Bjarkalund. Ferðinni lauk í gær og af fregnum frá þátttakendum að dæma var veðurbliðan mikil alla ferðadagana og ferðin hin ánægjulegasta. Ég komst því miður ekki í ferðina í þetta skiptið, en vil þakka ferðanefndinn sérstaklega fyrir þeirra mikla og góða starf við undirbúning og skipulagningu.

Auk félaga í fastanefndum klúbbsins eru nokkrir sem sitja í nefndum umdæmisins. Færum við þeim öllum bestu þakki fyrir þeirra störf. Þá þökkum við umdæmisstjóra Rótarýhreifingarinnar, Guðbjörgu Alfreðsdóttur, ánægjulegt samstarf.

### **Klúbbfélagar**

Í upphafi starfsársins foru félagar í klúbbnum okkar 82 talsins. Á starfsárinu voru 3 nýir félagar teknir inn í klúbbinn, þau Gunnhildur Arnardóttir, Svanhildur Blöndal, og Sævar Kristinsson. Þá flutti Ásdís J. Rafnar sig úr Grafarvogsklúbbnum yfir í okkar klúbb. Það er okkar ósk að þau njóti sín í klúbbnum og festi fljótt rætur meðal okkar.

Tveir félagar hættu í klúbbnum á starfsárinu, bæði vegna vinnu sinnar, en fundartími klúbbsins gerði þeim ókleift að sækja fundi. Þetta eru Júlíus Vífill Ingvarsson og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. Það er mikil eftirsjá af þeim báðum, en hver veit nema þau komi inn í klúbbinn aftur þegar aðstæður breytast, en það höfum við séð gerast með fyrrum félaga á síðustu árum.

Félagar í Rótarý Reykjavík Miðborg eru nú 84, en í þriggja ára stefnumörkun fráfarandi stjórnar var stefnan sett á 85 félaga á árinu 2017. Það var því yfirlýst stefna að hægja á stækkun klúbbsins en reyna frekar að auka virkni félaga og tengja þá betur innbyrðis. Í dag eru konur í meirihluta klúbbfélaga, 45 á móti 39 körlum. Vilji er til að jafna þetta hlutfall en stefna klúbbsins hefur verið jafnt hlutfall kvenna og karla. Meðalaldur klúbbfélaga er tæp 60 ár, þar af 10 félagar 70 ára og eldri, 39 milli 60 og 69 ára, 16 milli 50 og 59 ára og 19 félagar undir fimmtugu. Nauðsynlegt er því að horfa til yngra fólks þegar kemur að öflun nýrra félaga.

Í upphafi starfsárs voru 11 félagar undanþegnir mætingaskyldu, en slík undanþága fæst þegar samanlagður aldur og klúbbaldur hefur náð 85 árum. Á þessu starfsári hafa 3 félagar okkar náð þessum áfanga, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Hanna María Siggeirsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir.

### **Styrkir**

Umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi lagði mikla áherslu á að klúbbarnir legðu Rótarý sjóðnum til 100 USD á hvern féлага. Mjög fáir klúbbar hér á landi hafa náð því marki. Fráfarandi stjórn lagði til í fjárhagsáætlun sinni að leggja fram sem samsvarar 40 USD á mann á þessu starfsári og í 3ja ára áætlun var miðað við að sú upphæð hækkaði á næstu árum, þar til 100 USD markin væri náð. Voru félagsgjöld ársins hækkuð með það í huga og hugmyndin er sú að

fjármagna þennan lið eingöngu með félagsgjöldum, en samfélagsverkefni innanlands með öðrum hætti.

Klúbburinn styrkir sem fyrr verkefni í nærumhverfinu og einnig var veittur styrkur til ungmennastarfs Rótarý. Tekist hefur að tvöfalda samninga við styrktaraðila sem greiða 25.000 kr/ári í þrjú ár, jafnframt því sem einn slíkur styrktarsamningur fékkst sem eingreiðsla. Þá hafa bílastæðagjöld og greiðsla fyrir mat þegar klúbbfélögum er boðið skilað þó nokkrum upphæðum.

Klúbburinn hefur á starfsárinu veitt eftirfarandi styrki;

Rótarý sjóðurinn, Annual fund	441.000 (40 USD á félag)
Polio sjóður Rótarý:	89.000 (8 USD á félag)
Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum:	200.000
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna:	200.000
Ungmennastarf Rótarý vegna móttöku erlendra unglinga:	50.000

Þá safnaðist meðal féлага 106.500 kr í söfnun Rótarý vegna höfuðljósa til notkunar á skurðstofum Landspítalans.

Samtals eru því framlög RRM 1.086.000 kr til samfélagsverkefna á starfsárinu, sem skiptist nokkuð jafnt milli Rótarý sjóðanna og innlendra verkefna. Ég tel að klúbburinn geti verið mjög stoltur af þessum styrkveitingum, en þær nema um þriðjung af heildarveltu klúbbsins.

### Ýmislegt

Í gær var haldin hátíð við Arnarhól til að minnast þess að 35 ár eru liðin síðan Frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands. Hátíðin var hin glæsilegasta en að henni stóðu ýmsar stofnanir og félagasamtök, m.a. Rótarý á Íslandi og okkar klúbbur.

Einkunnarorð Rótarý á því starfsári sem nú er að enda komið er „Vörpum ljósi á Rótarý“. Með þessum einkunnarorðum fengum við þau skilaboð að kynna betur starf Rótarý meðal almennings og gera Rótarý sýnilegra í þjóðfélaginu. Einn þáttur í því er Rótarý dagurinn sem haldinn var í febrúar síðastliðnum. Þann dag voru Rótarý klúbbar hvattir til að standa fyrir atburðum sem vektu athygli í nærsamfélaginu. Okkar klúbbur setti upp Facebook síðu klúbbsins og hafði Finnur Sveinbjörnsson veg og vanda af því. Við þökkum honum það góða starf en auk þess sér hann um heimasíðu klúbbsins á rotary.is. Nú hefur verðandi umdæmisstjóri tilkynnt að Rótarý dagurinn verði endurtekinn næsta ár.

Á vegum klúbbsins mun ung stúlka, Jóhanna Karen Pálsdóttir, fara sem skiptinemi á vegum klúbbsins til Flórída í haust. Foreldrar hennar mun hýsa skiptinema sem kemur á móti til Íslands. Klúbburinn mun þurfa að sinna þeim skiptinema eins og venja er.

### Lokaorð

Um leið og ég flyt ykkur bestu þakkir fyrir að hafa sýnt mér það traust að gegna embætti forseta klúbbsins á síðasta starfsári, óska ég Rannveigu og samstarfsfólki hennar velfarnaðar á komandi starfsári.

Við skulum hafa það í huga að klúbburinn er aldrei sterkari en við félagarnir sem myndum hann. Góð mæting og þátttaka í viðburðum klúbbsins er grundvallaratriði í starfseminni. Með því verður klúbbstarfið áhugaverðara og innihaldsríkara. Ég vil að lokum enn og aftur þakka öllum sem komið hafa að starfi klúbbsins með einum eða öðrum hætti

Takk fyrir.

## Viðauki: Yfirlit yfir klúbbfundi á árinu.

Nr.	Dags	Fyrirlesari	Málefni – Heiti erindis
1	30. júní 2014		Stjórnarskiptafundur
2	11. ágúst	Björn Bjarnason	Hugleiðsla – qi gong
3	18. ágúst	Ari Kristinn Jónsson, Þorkell Sigurjónsson og Hrefna Sigríður Briem	Kynning á starfsemi Háskólans í Reykjavík
4	25. ágúst	Bryndís Sigurðardóttir	Ebólu faraldurinn í vestur Afríku
5	1. september	Guðrún Björk Bjarnadóttir	Breyttur veruleiki sem blasir við höfundum og afnotum af hugverkum þeirra
6	8. september	Björgvin Skúli Sigurðsson	Sæstrengur til Bretlands – orkuvandamál Evrópu og tækifæri Íslands
7	15. september	Andri Snær Magnason	Leitin að Auðhumlu – Dularfull ferðasaga
8	22. september	Guðbjörg Alfreðsdóttir	Heimsókn Umdæmisstjóra
9	29. september	Þróstur Helgason	Menningarstefna Ríkisútvarpsins
10	6. október	Markús Örn Antonsson	Tímaritið Rotary Norden
11	13. október	Tinna Gunnlaugsdóttir	Kynning á dagskrá Þjóðleikhússins
12	20. október		Klúbbþing RRM
13	27. október	Árni Gunnarsson	Starfsgreinarerindi og heimsókn
14	3. nóvember	Sólveig Erla Sigurðardóttir	Frá dvöl sem skiptinemi í Ekvador
15	10. nóvember	Valgerður Rúnarsdóttir	Af hverju kemur ungt fólk í áfengis- og vímuefnaeðferð
16	17. nóvember	Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir	Litir ljóssins – Sýning
17	24. nóvember		Þjóðfundur
18	1. desember	Páll Einarsson	Bárðarbunga
19	8. desember		Jólafundur
20	15. desember	Pétur Hafsteinn Pálsson	Sjávarútvegur: Breytingar, tækifæri og næstu skref.
21	5. janúar 2015	Páll Einarsson	Reykjanes
22	12. janúar	Gunnar Hrafn Jónsson	Hryðjuverkasamtökin ISIS
23	19. janúar	Stefán Haukur Jóhannesson	Áhrif ástandsins í Úkraínu á frið og öryggi í heiminum.
24	26. janúar	Sigrún Helgadóttir	Faldar og skart
25	2. febrúar	Kristján Freyr Kristjánsson	Meniga: Skilvirkari leið til að tengja neytendur og fyrirtæki, öllum til hagsbóta,
26	9. febrúar	Íris Baldursdóttir	Starfsgreinarerindi
27	16. febrúar	Anna Stefánsdóttir og Jóhannes Gunnarsson	Spítalinn okkar
28	23. febrúar	Jón Axel Ólafsson	Draumaverksmiðjan
29	2. mars	Ásdís Halla Bragadóttir	Lækninga- og heilsumiðstöð sem opna á í Ármúlanum.
30	9. mars	Björn Ruríksson	Aðdragandi og vinna við útgáfu bókar um íslenska náttúru.
31	16. mars	Stefán Stefánsson	Starfsgreinarerindi
32	23. mars	Valgeir Baldursson	Skeljungur - heimsókn
33	13. apríl	Illugi Gunnarsson	Áherslur í menntamálum

34	20. apríl	Inga Dóra Sigfúsdóttir	Rannsóknir á líðan, hegðan og ehilsu íslenskra barna.
35	27. apríl	Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir	Kynning á starfsemi FB, einkum kvöldskóla FB þaðan sem reglulega útskrifast fjöldi einstaklinga sem húsasmiðir, rafvirkjar eða sjúkraliðar.
36	4. maí	Breki Karlsson	Ferð til fjár
37	11. maí	Helga Steinunn Guðmundsdóttir	Smáþjóðaleikarnir
38	18. maí	Vigdís Jakobsdóttir	Leiklist fyrir börn og ungmenni.
39	1. júní	Guðni Jóhannesson	Forseti Íslands í útlöndum.
40	8. júní	Páll Ríkharðsson	\&quot;Big data\&quot;
41	15. júní	Gunnar Haraldsson	Deilihagkerfið
42	22. júní	Ólöf Nordal	Borgarleg réttindi